

Stefna Landsvirkjunar í rafeldsneyti og loftslagstengdri viðskiptaþróun

1. Inngangur

Tilgangur stefnu Landsvirkjunar í rafeldsneyti og loftslagstengdri viðskiptaþróun er að setja fyrirtækinu leiðsögn og ramma um hvernig þróun starfsemi og orkusölu á þessu skuli háttað. Á alþjóðavísu er kostnaður græns vetnis og rafeldsneytis, enn sem komið er, hár samanborið við jarðefnaeldsneyti eða aðra valkosti til orkuskipta svo sem beina rafvæðingu og líforku. Landsvirkjun á ekki von á því að grænt vetni og rafeldsneyti komi til með að leika stórt hlutverk í innlendum orkuskiptum næstu ár, en að það gæti breyst yfir næsta áratug eða til lengri tíma lítið.

Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

2. Gildissvið

Stefna þessi á við um Landsvirkjun.

3. Hugtakaskilgreiningar

Grænt vetni: Vetni framleitt með rafgreiningu sem knúin er raforku af endurnýjanlegum uppruna.

Rafeldsneyti: Grænt vetni eða eldsneyti framleitt með efnahvarfi græns vetnis og annarra efna.

Lífgas: Gas framleitt úr lífrænum úrgangi, samanstandur aðallega af metani og koldíoxíði.

Lífeldsneyti: Ólíur unnar úr lífmassa og nýta má í stað jarðefnaeldsneytis, svo sem dísilolíu.

Sorporka: Raforka og varmaorka sem unnin er með brennslu sorps í sorpbrennslustöð.

Kolefnisföngun: Föngun koldíoxíðs, til dæmis frá iðnaðarferlum eða úr andrúmslofti.

Bein rafvæðing: Nýting raforku í rafhlöðuknúnum farartækjum eða í iðnaðarferlum.

4. Stefna

Landsvirkjun leitast við að selja orku til verkefna sem hámarka verðmætasköpun fyrir fyrirtækið og Ísland og sem stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, að teknu tilliti til annarra samfélags-, umhverfis- og áhættuþátta verkefna. Bein rafvæðing farartækja og iðnaðar er orkuskiptaaðgerð sem getur fallið vel að þessum áherslum. Landsvirkjun telur því mikilvægt að styðja og taka þátt í verkefnum tengdum aukinni rafvæðingu farartækja og iðnaðar á Íslandi.

Á sviði græns vetnis og rafeldsneytis sér Landsvirkjun tækifæri til lengri tíma og telur að vöxtur þessara greina geti leikið hlutverk í vegferð að sjálfbærum heimi. Landsvirkjun mun skoða möguleika til orkusölu og þátttöku í þróun smærri vetnisverkefna. Fyrirtækið mun einnig meta möguleika til orkusölu til stærri rafeldsneytisverkefna til lengri tíma en slík verkefni eru ekki talin samkeppnishæf sem stendur.

Landsvirkjun fylgist með framvindu mála og mun búa sig undir mögulegan vöxt þessara greina ef aukin eftirspurn verður eftir grænu vetni og rafeldsneyti til lengri tíma lítið. Landsvirkjun mun jafnframt áfram kanna önnur tækifæri til orkusölu eða þátttöku í þróun annarra orkuskipta- og loftslagsverkefna, svo sem á sviði lífgass, sorporku og kolefnisföngunar. Landsvirkjun mun vinna að þróun slíkra verkefna með samstarfsaðilum þar sem við á.

**5. Mælikvarðar**

Fjöldi verkefna á sviði græns vetnis eða rafeldsneytis sem Landsvirkjun tekur þátt í þróun á og/eða hefur gert orkusölusamning við (markmið: ≥ 1 fyrir árið 2030).

Fjöldi verkefna á sviði annarra orkuskiptalausna, svo sem á sviði lífgass, sorporku, kolefnisföngunar eða beinnar rafvæðingar, sem Landsvirkjun tekur þátt í þróun á og/eða hefur gert orkusölusamning við (markmið: ≥ 1 fyrir árið 2030).

6. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á innleiðingu stefnunnar.

7. Upplýsingagjöf

Framkvæmdarstjórn skal upplýst árlega um stöðu starfsemi fyrirtækisins í vetnis-, rafeldsneytis-, orkuskipta- og loftslagslausnum.

8. Endurskoðun


Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

9. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

21. mars 2025

Stjórn Landsvirkjunar


Jón Baldursson
Halter hel Högum
Sofie Antonsdóttir
Afheildur Ingadóttir